

## Frumvarp til laga

### um breytingu á ýmsum lögum varðandi aldursmörk.

Flm.: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Bryndís Haraldsdóttir, Hildur Sverrisdóttir,  
Óli Björn Kárasón, Vilhjálmur Árnason.

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum um dómstóla, nr. 50/2016.

1. gr.

1. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

1. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012.

3. gr.

26. gr. laganna fellur brott.

#### III. KAFLI

##### Breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32/1965.

4. gr.

Í stað orðanna „21 árs aldri“ í 2. tölul. 3. gr. laganna kemur: 18 ára aldri.

#### IV. KAFLI

##### Breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

5. gr.

Í stað orðanna „26 ára“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum kemur: 18 ára.

#### V. KAFLI

##### Breyting á lögum um köfun, nr. 81/2018.

6. gr.

Í stað orðanna „20 ár“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: 18 ár.

#### VI. KAFLI

##### Breyting á lögum um loftferðir, nr. 80/2022.

7. gr.

74. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

## VII. KAFLI

**Breyting á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74/1938.**

8. gr.

Orðin „og fullra 25 ára“ í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

## VIII. KAFLI

**Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.**

9. gr.

Í stað orðanna „25 ára“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: 18 ára.

10. gr.

Í stað orðanna „20 ára“ í 3. mgr. 61. gr. laganna kemur: 18 ára.

11. gr.

Í stað orðanna „25 ára“ í 2. mgr. 81. gr. laganna kemur: 18 ára.

## IX. KAFLI

**Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.**

12. gr.

Í stað orðanna „20 ára“ í 6. mgr. 12. gr. laganna kemur: 18 ára.

13. gr.

Í stað orðanna „20 ára“ í 3. mgr. 128. gr. laganna kemur: 18 ára.

## X. KAFLI

**Breyting á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.**

14. gr.

2. mgr. og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

## XI. KAFLI

**Breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011.**

15. gr.

Í stað orðanna „20 ára“ í a- og b-lið 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: 18 ára.

## XII. KAFLI

**Breyting á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.**

16. gr.

Í stað orðanna „20 ára“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: 18 ára.

17. gr.

Í stað orðanna „20 ára“ í b-lið 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 18 ára.

## XIII. KAFLI

**Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999.**

18. gr.

Í stað orðanna „25 ára“ og „20 ára“ í 5. gr. laganna kemur: 18 ára.

## XIV. KAFLI

**Breyting á lögum um öryggisþjónustu, nr. 58/1997.**

19. gr.

Í stað orðanna „25 ára“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 18 ára.

## XV. KAFLI

**Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.**

20. gr.

29. gr. a laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

## XVI. KAFLI

**Breyting á vopnalögum, nr. 16/1998.**

21. gr.

Í stað orðanna „20 ára“ í a-lið 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: 18 ára.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2024.

## Greinargerð.

Víða í lögum er að finna svokölluð aldursmörk, þ.e. skilyrði um að einstaklingur hafi náð ákveðnum aldri áður en hann getur notið ákveðinna réttinda, öðlast ákveðin leyfi o.s.frv. Þá er einnig að finna efri aldursmörk, þ.e. um hámarksaldur einstaklinga svo að þeir geti öðlast ákveðin leyfi eða réttindi.

Jafnan er nú miðað við 18 ára aldur, þ.e. sjálfræðis- og fjárræðisaldur, þegar lög eru sett og ákveðið er að afmarka tiltekin réttindi við lágmarksaldur. Þetta hefur þó verið nokkuð á reiki í árunna rás og víða er miðað við annan og hærri aldur þegar sett eru skilyrði fyrir réttindum, leyfisveitingum o.s.frv. Því er með frumvarpi þessu lagt til að miða skuli öll aldurskilyrði laga við 18 ára aldur. Flutningsmenn fá ekki séð hvaða rök standa til þess að löggjöf feli víða í sér handahófskennd aldursmörk og áskilji til að mynda á einum stað að einstaklingar verði að vera orðnir 25 ára til þess að fullnægja skilyrðum laga en á öðrum þyki rétt að miða við 20 ára aldur, í stað þess að einfaldlega sé miðað við sjálfræðisaldur í öllum tilvikum.

Rétt er að nefna að í sumum tilvikum felast ákveðin aldurskilyrði í hæfisskilyrðum. Þegar lögum um dómstóla, nr. 50/2016, var breytt með lögum nr. 50/2021 var aldurskilyrði laga um skipan héraðsdómara felld brott, en áður hafði aldurskilyrði laganna verið 30 ár. Þótt aldurskilyrði hafi verið felld brott er ólíklegt að aðili sem náð hefur 18 ára aldri yrði hæfur sem héraðsdómari, enda eru gerðar aðrar kröfur í lögum um að viðkomandi hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi. Því liggja fyrir eðlileg og málefnaleg skilyrði laga um hæfni sem eiga ekki að hverfast um aldur.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að aldurshámark laga verði felld úr gildi þar sem það á við. Að baki þeirri tillögu liggur sú hugsun að ekki sé nauðsynlegt að takmarka réttindi við ákveðinn aldur heldur beri mun frekar að líta til annarra þátta ef nauðsynlegt þykir að útiloka réttindi eða takmarka leyfisveitingar til eldra fólks, svo sem heilsu, færni og annarra atriða sem hægt er að meta á hlutlægan máta.

Við vinnslu frumvarpsins var gerð leit að þeim lögum sem fela í sér aldurskilyrði sem takmarka leyfi eða skyldu manna við annan og hærri aldur en 18 ára, svo og lög sem fela í sér aldurshámark. Undanskilið frá frumvarpinu er ákvæði 4. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Ís-

lands, þar sem kveðið er á um meðal kjörgengisskilyrða til forseta Íslands að kjörgengur sé hver 35 ára gamall maður. Tekur frumvarpið ekki á þeim aldursskilyrðum af formlegum ástæðum vegna þess hve örðugt er að breyta einstaka ákvæðum stjórnarskrárinnar, en það er von flutningsmanna að slík breyting nái engu að síður fram að ganga í náinni framtíð.

Við samanburðarkönnun á réttarsviðum í öðrum norrænum ríkjum og aldursmörkum laga kom í ljós að umtalsvert færri sambærilegar lagareglur eru í gildi varðandi aldursmörk þar sem miðað er við annan og hærri aldur en 18 ár sem skilyrði fyrir ákveðnum réttindum en hér á landi og almennt virðist sú regla gilda að miða við sjálfræðisaldur en lágmarka önnur aldursmörk í lögum.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 1. tölul. 2. mgr. 13. gr. laga um dómstóla, nr. 50/2016, um almenn hæfisskilyrði hæstaréttardómara kemur fram að engan megi skipa í Hæstarétt Íslands sem ekki hefur náð 35 ára aldri. Lagt er til að ákvæðið falli brott þar sem ekki þykir tilefni til þess að binda skipun við ákveðinn aldur umfram sjálfræðisaldur heldur fremur við hæfni og reynslu.

Um 2. gr.

Í 1. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga um dómstóla, nr. 50/2016, kemur fram að engan megi skipa landsréttardómara sem ekki hefur náð 35 ára aldri. Lagt er til að ákvæðið falli brott.

Um 3. gr.

Í 26. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, um aldursmörk segir að heilbrigðisstarfsmanni sé óheimilt að veita heilbrigðisþjónustu á eigin starfsstofu eftir að hann nær 75 ára aldri. Lagt er til að ákvæðið falli brott, enda sé aldur ekki málefnaleg ástæða fyrir því að skylda heilbrigðisstarfsmenn til að hætta eigin rekstri.

Um 4. gr.

Í 2. tölul. 3. gr. laga um hreppstjóra, nr. 32/1965, segir að engan megi skipa hreppstjóra nema þann sem náð hafi 21 árs aldur. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

Um 5. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, segir að eigandi innstæðu, sem nemur hærri fjárhæð er 30.000 kr., eigi þess kost að fá innstæðu sína greidda þegar hann hefur náð 26 ára aldri. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

Um 6. gr.

Í a-lið 1. mgr. 5. gr. laga um köfun, nr. 81/2018, segir að aldurstakmark fyrir útgáfu skírteinis sem heimilar köfun í atvinnuskyni sé 20 ár. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

Um 7. gr.

Í 74. gr. laga um loftferðir, nr. 80/2022, segir að aldurshámark flugmanna í flutningaflugi sé 60 ár en ráðherra megi framlengja þessi mörk til allt að 65 ára aldurs. Lagt er til að ákvæðið falli brott, ásamt fyrirsögn.

## Um 8. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns, nr. 74/1938, er þess krafist að löggiltur niðurjöfnunarmaður sjóttjóns sé lögráða og fullra 25 ára. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins falli brott.

## Um 9. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, segir að þá eina megi kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn sem hafa nægilegan þroska og andlegt og líkamlegt heilbrigði, njóta íslensks ríkisborgararéttar, eru lögráða og orðnir 25 ára, hafa forræði á búi sínu og hafa hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að þeir urðu fullra 18 ára né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarrar verða almennt að njóta. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

## Um 10. gr.

Í 3. mgr. 61. gr. laganna segir að þann einn megi dómkveðja til að framkvæma mat sem er orðinn 20 ára að aldri. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

## Um 11. gr.

Í 2. mgr. 81. gr. laganna segir að ekki megi skipa mann stefnuvott nema hann sé orðinn 25 ára. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

## Um 12. gr.

Í 6. mgr. 12. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, segir að þann einn megi kveðja til sem dómtúlk, táknumálstúlk, þýðanda eða kunnáttumann sem er orðinn 20 ára að aldri. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur, enda séu ekki málefnaleg rök fyrir því að skilyrða löggildinguna við 20 ára aldur.

## Um 13. gr.

Í 3. mgr. 128. gr. laganna segir að þann einn megi dómkveðja til að framkvæma mat sem er orðinn 20 ára að aldri. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur með sömu rökum og fyrir 12. gr.

## Um 14. gr.

Í 2. mgr. 13. gr. laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, segir að skírteini leiðsögu- og hafnsögumanna gildi ekki lengur en til 70 ára aldurs. Lagt er til að ákvæðið falli brott.

Í 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. segir að hafnsögu- og leiðsögumenn skipa skuli vera 25–69 ára að aldri. Lagt er til að ákvæðið falli brott.

## Um 15. gr.

Í a-lið 2. mgr. 11. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, segir að ÁTVR sé heimilt að hafna áfengi ef varan sjálf, umbúðir hennar eða markaðssetning höfðar sérstaklega til barna eða ungmenna yngri en 20 ára. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

Í b-lið 2. mgr. 11. gr. laganna segir að hið sama eigi við ef varan sýnir börn eða ungmenni yngri en 20 ára. Lagt er til að aldursskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

## Um 16. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, segir að heimilt sé að kveða á um það í reglugerð að dyraverðir skuli hafa náð 20 ára aldri. Lagt er til að aldurskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

## Um 17. gr.

Í b-lið 1. mgr. 8. gr. laganna segir að umsækjandi um leyfi til reksturs starfsemi sem fellur undir gistiflokka II–IV og veitingastaðaflokka II og III skuli vera lögráða og hafa náð a.m.k. 18 ára aldri á umsóknardegi. Feli rekstrarleyfi í sér heimild til áfengisveitinga skal umsækjandi vera lögráða og hafa náð a.m.k. 20 ára aldri á umsóknardegi. Lagt er til að aldurskilyrði ákvæðisins verði alfarið breytt í 18 ára aldur.

## Um 18. gr.

Í 5. gr. laga um ættleiðingar, nr. 130/1999, segir að leyfi til ættleiðingar verði veitt þeim einum sem náð hefur 25 ára aldri. Þó megi, ef sérstaklega stendur á, veita þeim sem er orðinn 20 ára leyfi til ættleiðingar. Lagt er til að aldurskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

## Um 19. gr.

Í a-lið 2. mgr. 2. gr. laga um öryggisþjónustu, nr. 58/1997, segir að einstaklingur sem hyggst annast öryggisþjónustu skuli vera orðinn 25 ára. Lagt er til að aldurskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

## Um 20. gr.

Í 29. gr. a lögreglulaga, nr. 90/1996, segir að lögreglumenn skuli leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð. Lagt er til að ákvæðið falli brott, ásamt fyrirögn.

## Um 21. gr.

Í a-lið 1. mgr. 13. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, segir að skilyrði fyrir veitingu skotvopnaleyfis sé að hafa náð 20 ára aldri og hafa ekki verið sviptur sjálfræði. Í reglugerð sé heimilt að víkja frá þessu aldurskilyrði vegna íþróttaskotfimi, sbr. 17. gr. Lagt er til að aldurskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur.

## Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.